

## Nefndarálit með breytingartillögu

um tillögu til þingsályktunar um áætlun um meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla skv. 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

Frá meiri hluta atvinnuveganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson og Hinrik Greipsson frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Gunnar Birgisson frá Fjallabyggð, Örnú Láru Jónsdóttur, Gísli H. Halldórsson, Jónas Þór Birgisson og Kristján Andra Guðjónsson frá Ísafjarðarbæ, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátæigenda, Ásthildi Sturludóttur og Friðbjörgu Matthíasdóttur frá Vesturbyggð, Sturlu Böðvarsson frá Stykkishólmsbæ og Ellert Kristinsson, Jón Eðvald Friðriksson, Guðbrand Björgvinsson, Gunnar Jónsson og Sigurð Pál Jónsson. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Grundarfjarðarbæ, Ísafjarðarbæ, Landssambandi smábátæigenda, Sjávareldi ehf., Stykkishólmsbæ og Vesturbyggð.

Í tillögunni felast nokkrar breytingar frá þeirri ráðstöfun sem nú gildir. Skv. 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða eru til ráðstöfunar 5,3% af úthlutun aflamagns kvótasettra tegunda til tiltekinna verkefna sem löggin kveða á um. Heildarmagn fyrir næsta fiskveiðiári eru rúm 30 þús. tonn. Í tillögunni er lagt til að strandveiðiheimildir verði sambærilegar og á yfirstandandi fiskveiðiári eða um 8.600 tonn, að skel- og rækjubætur verði minnkaðar um þriðjung og að byggðakvóti verði minnkaður en aukið við aflamark Byggðastofnunar. Lagt er til að aflaheimildir til línuívilnunar verði óbreyttar frá yfirstandandi fiskveiðiári, að 300 tonnum af þorski verði ráðstafað til frístundaveiða og að hætt verði að ráðstafa heimildum til áframeldis á þorski. Einnig er lagt til að þær makrílheimildir sem eru til ráðstöfunar verði seldar til veiða á grunslóð og að 800 tonnum af síld verði ráðstafað til smábáta undir tiltekinni stærð en til þess þarf að gera breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Í lögum er mælt fyrir um að ráðherra leggi fram tillögu til þingsályktunar til sex ára sem sæti endurskoðun á þriggja ára fresti. Þar sem unnið er að skýrslu um þær aðgerðir sem tillagan nær til og hagkvæmni þeirra leggur meiri hlutinn til að sú tillaga sem hér er til umfjöllunar sæti endurskoðun á 145. löggjafarþingi.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á tillögunni.

Lagt er til að 9.000 tonn fari til strandveiða og verða þær heimildir því auknar um 400 tonn frá yfirstandandi fiskveiðiári. Nokkurt jafnvægi þykir vera komið á strandveiðar, fjöldi báta helst nokkuð stöðugur á milli ára og festa komin í útgerðarmynstrið. Afleidd áhrif strandveiða þykja nokkur á þær byggðir sem helst er gert út frá, einkum í höfnum og með þjónustu við strandveiðimenn. Arðsemi af veiðunum sjálfum er hins vegar neikvæð samkvæmt úttekt Hagstofnunar sem birt er í ritinu „Hagur veiða og vinnslu“ og því er mikilvægt að horfa til niðurstöðu væntanlegrar úttektar á atvinnu- og byggðaáhrifum strandveiða í þeirri greiningu sem nú er unnið að og getið er um hér framar. Aflamagn til strandveiða síðustu þrjú fiskveiðiári er sem hér segir og áætlun fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 er eftirfarandi:

FISKVEIÐIÁRIÐ 2012/2013		FISKVEIÐIÁRIÐ 2013/2014		FISKVEIÐIÁRIÐ 2014/2015		TILLAGA Í AFB 2015/2016	
Strandveiðar	% af heild	Strandveiðar	% af heild	Strandveiðar	% af heild	Strandveiðar	% af heild
úr sjó		úr sjó		úr sjó		úr sjó	
Þorskur	4.800	Þorskur	7.500	Þorskur	7.500	Þorskur	7.900
Ufsi	1.200	Ufsi	1.100	Ufsi	1.100	Ufsi	1.100
	<u>6.000</u>		<u>8.600</u>		<u>8.600</u>		<u>9.000</u>
	28,92%		30,22%		31,85%		30,00%

Lagt er til að allt að 2.000 tonnum verði ráðstafað til rækju- og skelbóta og verði því óbreytt frá yfirstandandi fiskveiðiári. Aflamagn getur hins vegar aukist eða minnkað miðað við afla í innfjarðarrækju. Aflamagn til skel- og rækjubóta síðustu þrjú fiskveiðiár er sem hér segir og áætlun fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 er eftirfarandi:

FISKVEIÐIÁRIÐ 2012/2013		FISKVEIÐIÁRIÐ 2013/2014		FISKVEIÐIÁRIÐ 2014/2015		TILLAGA Í AFB 2015/2016	
Rækju- og skelbætur	% af heild	Rækju- og skelbætur	% af heild	Rækju- og skelbætur	% af heild	Rækju- og skelbætur	% af heild
úr sjó		úr sjó		úr sjó		úr sjó	
Þorskur	1.433	Þorskur	1.486	Þorskur	1.385	Þorskur	1.412
Ýsa	264	Ýsa	226	Ýsa	195	Ýsa	215
Ufsi	367	Ufsi	493	Ufsi	372	Ufsi	325
Steinbitur	63	Steinbitur	50	Steinbitur	48	Steinbitur	48
	<u>2.127</u>		<u>2.255</u>		<u>2.000</u>		<u>2.000</u>
	10,25%		7,92%		7,41%		6,67%

Lagt er til að allt að 7.353 tonnum verði ráðstafað til svokallaðs almenns byggðakvóta og verði því á móta og á yfirstandandi fiskveiðiári. Magn er þó háð því hver endanleg ákvörðun ráðherra verður eftir mat á heildarmagni því sem til ráðstöfunar er til þessara aðgerða eftir skiptimarkað Fiskistofu. Í úttekt Vífils Karlssonar, „Mat á framkvæmd aflamarks Byggðastofnunar, janúar 2015“, í þeim sjávarþorpum sem eiga undir högg að sækja og eru jafnframt með samninga um sérstakan byggðakvóta Byggðastofnunar er niðurstaðan sú að almennur byggðakvóti á þessum stöðum hafi ekki haft áhrif til aukinnar byggðafestu. Mikilvægt er að ljúka úttekt sem nær yfir alla notendur almenns byggðakvóta og meta áhrif á alla þá staði sem njóta þessa úrræðis. Aflamagn til byggðakvóta síðustu þrjú fiskveiðiár er sem hér segir og áætlun fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 er eftirfarandi:

FISKVEIÐIÁRIÐ 2012/2013		FISKVEIÐIÁRIÐ 2013/2014		FISKVEIÐIÁRIÐ 2014/2015		TILLAGA Í AFB 2015/2016	
Byggðakvóti	% af heild	Byggðakvóti	% af heild	Byggðakvóti	% af heild	Byggðakvóti	% af heild
úr sjó		úr sjó		úr sjó		úr sjó	
Þorskur	3.667	Þorskur	5.574	Þorskur	5.094	Þorskur	5.190
Ýsa	676	Ýsa	988	Ýsa	717	Ýsa	790
Ufsi	939	Ufsi	1.482	Ufsi	1.368	Ufsi	1.194
Steinbitur	160	Steinbitur	195	Steinbitur	177	Steinbitur	178
	<u>5.442</u>		<u>8.239</u>		<u>7.355</u>		<u>7.353</u>
	26,23%		28,95%		27,24%		24,51%

Lagt er til að allt að 5.400 tonn fari til aflamarks Byggðastofnunar og því verði aukið við þær aflaheimildir sem stofnunin hefur til ráðstöfunar til að styðja við sjávarþorp í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Magnið er þó háð óvissu um magn úr skiptimarkaði Fiskistofu. Fyrstu vísbendingar eru um að úrræðið, sem nú hefur verið við lýði í tvö ár, kunni að vera árangursríkara en mörg þeirra úrræða fiskveiðistjórnarkerfisins sem nú eru til staðar til atvinnu-, félags- og byggðastyrkingar. Það er ljóst að fleiri byggðir en Byggðastofnun hefur þegar gert samninga við falla undir skilgreiningar verkefnisins. Þýðingarmikið er að farið verði ítarlega yfir þau viðmið og skilgreiningar sem um verkefnið gilda, t.d. fólksfjöldatakmarkanir, og skilgreiningu á sjávarþorpi í vanda. Skoða þarf ítarlega tillögur til úrbóta sem koma fram í áðurnefndri skýrslu Vífils Karlssonar, í því skyni að gera verkefnið árangursríkara og markvissara. Aflamagn til sérstaks byggðakvóta Byggðastofnunar hefur verið ákveðið síðustu tvö fiskveiðiár sem hér segir og áætlun fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 er eftirfarandi:

FISKVEIÐIÁRIÐ 2012/2013		FISKVEIÐIÁRIÐ 2013/2014		FISKVEIÐIÁRIÐ 2014/2015		TILLAGA Í AFB 2015/2016	
Aflamark Byggðastofnunar		Aflamark Byggðastofnunar		Aflamark Byggðastofnunar		Aflamark Byggðastofnunar	
úr sjó	% af heild	úr sjó	% af heild	úr sjó	% af heild	úr sjó	% af heild
Þorskur	0	Þorskur	1.450	Þorskur	2.404	Þorskur	3.812
Ýsa	0	Ýsa	223	Ýsa	338	Ýsa	581
Ufsi	0	Ufsi	470	Ufsi	646	Ufsi	877
Steinbitur	0	Steinbitur	50	Steinbitur	83	Steinbitur	131
	0		2.193		3.472		5.400
	0,00%		7,71%		12,86%		18,00%

Lagt er til að 5.700 tonn fari til línuviltununar og aukast þær aflaheimildir því lítillega frá yfirstandandi fiskveiðiári. Enn er lögð áhersla á að gerð verði úttekt eftir sjávarbyggðum á því hvar línuviltun hefur afgerandi áhrif sem atvinnu-, félags- og byggðaaðgerð. Greindar verði leiðir til þess að línuviltun færist í einhverjum mæli yfir á báta með beitningarvélar án þess að hafa verulega neikvæð áhrif á þær byggðir þar sem úrræðið skiptir hvað mestu máli, t.d. með aukinni byggðatengingu íviltunarinna. Leitað verði leiða til að setja vinnsluskyldu á línuviltunarafla. Þannig má nútímavæða veiðiskapinn án þess að veikja byggðaaðgerðarinnar. Aflamagn til línuviltununar hefur verið síðustu þrjú fiskveiðiár sem hér segir og áætlun fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 er eftirfarandi:

FISKVEIÐIÁRIÐ 2012/2013		FISKVEIÐIÁRIÐ 2013/2014		FISKVEIÐIÁRIÐ 2014/2015		TILLAGA Í AFB 2015/2016	
Línuviltun	% af heild	Línuviltun	% af heild	Línuviltun	% af heild	Línuviltun	% af heild
úr sjó		úr sjó		úr sjó		úr sjó	
Þorskur	3.375	Þorskur	3.375	Þorskur	3.375	Þorskur	3.500
Ýsa	2.100	Ýsa	2.100	Ýsa	1.300	Ýsa	1.425
Steinbitur	900	Steinbitur	900	Steinbitur	700	Steinbitur	775
	6.375		6.375		5.375		5.700
	30,73%		22,40%		19,91%		19,00%

Meiri hlutinn leggur til að magn til frístundaveiða verði aukið um 100 tonn frá yfirstandandi fiskveiðiári og fari í 300 tonn. Aflamagn til frístundaveiða hefur verið síðustu þrjú fiskveiðiár sem hér segir og áætlun fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 er eftirfarandi:

FISKVEIÐIÁRIÐ 2012/2013		FISKVEIÐIÁRIÐ 2013/2014		FISKVEIÐIÁRIÐ 2014/2015		TILLAGA Í AFB 2015/2016	
Fristundaveiðar	% af heild	Fristundaveiðar	% af heild	Fristundaveiðar	% af heild	Fristundaveiðar	% af heild
úr sjó		úr sjó		úr sjó		úr sjó	
Þorskur	300 1,45%	Þorskur	300 1,05%	Þorskur	200 0,74%	Þorskur	300 1,00%

Lagt er til að heimildir til áframeldis á þorski verði minnkaðar um helming frá því sem nú er og gerir nefndin ráð fyrir því að þær falli í kjölfarið niður, þ.e. á þar næsta fiskveiðiári. Að jafnaði hefur 500 tonnum af þorski verið ráðstafað til áframeldis þorsks í sjókvíum. Ákvæðið var sett inn til bráðabirgða í lögum nr. 85/2002 með það að markmiði að skapa tækifæri til aukinnar þekkingar á þorskeldi og fýsileika þess, á meðan kynbætur færu fram, þannig að aleldi gæti farið fram á þorski. Ákvæðið hefur verið framlengt nokkrum sinnum. Ljóst er að þróun í fiskeldi er ekki til áframeldis á þorski og kynbætur hafa ekki orðið að veruleika sem menn vonuðu. Aflamagn til áframeldis á þorski hefur verið síðustu þrjú fiskveiðiár sem hér segir og áætlun fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 er eftirfarandi:

FISKVEIÐIÁRIÐ 2012/2013		FISKVEIÐIÁRIÐ 2013/2014		FISKVEIÐIÁRIÐ 2014/2015		TILLAGA Í AFB 2015/2016	
Áframeldi	% af heild	Áframeldi	% af heild	Áframeldi	% af heild	Áframeldi	% af heild
Þorskur	500 2,41%	Þorskur	500 1,76%	Þorskur	0 0,00%	Þorskur	250 0,83%

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

#### BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar með vísan til 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum, að á fiskveiðiárinu 2015/2016 skuli því aflamagni sem dregið er frá heildarafla í hverri tegund skv. 3. mgr. 8. gr. laganna varið til að mæta áföllum skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr., til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., til línuívilnunar skv. 8. mgr. 11. gr., til strandveiða skv. 6. gr. a, til veiða sem eru taldar í 6. gr. og til annarra tímabundinna ráðstafana samkvæmt lögnum með þeim hætti sem hér segir:

1. 9.000 tonnum til strandveiða.
2. Allt að 2.000 tonnum til rækju- og skelbóta.
3. Allt að 7.353 tonnum til byggðakvóta.
4. Allt að 5.400 tonnum til aflamarks Byggðastofnunar.
5. 5.700 tonnum til línuívilnunar.
6. 300 tonnum til fristundaveiða.
7. 250 tonnum til áframeldis á þorski.

Ásmundur Friðriksson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. júní 2015.

Jón Gunnarsson,  
form., frsm.

Haraldur Benediktsson.

Fjóla Hrund Björnsdóttir.

Þorsteinn Sæmundsson.

Þórunn Egilsdóttir.